

Umhverfis- og orkustofnun
Norðurslóð Borgum,
600 Akureyri

Garðabær, 30. maí 2025
202505-0030/A.B.
08.04

Efni: Umsögn - leyfi til nýtingar á grunnvatni í landi Steindórsstaða í Borgarfirði - Umhverfis- og orkustofnun.

Vísað er til erindis Umhverfis- og orkustofnunar dags. 7. maí 2025 þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar á grundvelli 3. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Umsóknin er frá Orkuveitu Reykjavíkur – vatns og fráveitu og varðar nýtingarleyfi til allt að 20 L/s ársmeðaltalsvinnslu á grunnvatni í landi Steindórsstaða. Um er að ræða tvöföldun á heimild miðað við fyrra leyfi frá 2010, sem heimilaði 10 L/s. Sótt er jafnframt um leyfi fyrir skammtímadælingu upp að 30 L/s.

Vatnstakan fer fram á áreyrum við ána Rauðsgil, í landi Steindórsstaða í Reykholtssdal í Borgarfirði. Vatnsbólið samanstendur af einum grafnum brunni (SS-04) og tveimur borholum (SS-08 og SS-09), sem staðsettar eru innan afmarkaðs brunnsvæðis. Sótt er um breytingu á vatnsverndarsvæði sem felur í sér stækkun grannsvæðis og brunnsvæðis, eins og sýnt er á meðfylgjandi korti. Samkvæmt umsókn hefur sú breyting þegar verið samþykkt af landeigendum og mun fara inn í endurskoðun aðalskipulags Borgarbyggðar.

Verndarsvæði og áhrif á náttúruvernd

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að vatnstaka fari fram innan grunnvatnshlots Hvítár í Borgarfirði (104-270-G) og að mat hafi verið lagt á áhrif nýtingar með hliðsjón af vatnaáætlun Íslands og lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Fram kemur að engin hætta sé talin á innrennsli salts vatns, að áhrif á yfirborðsvatn séu takmörkuð og að vatnstakan hafi aðeins staðbundin áhrif á grunnvatnsborð í nágrenni borholna. Fram kemur jafnframt að vatnsgæði uppfylli áfram kröfur samkvæmt reglugerð nr. 536/2001.

Náttúruverndarstofnun bendir á að vatnstökusvæðið nær yfir hluta þess svæðis sem skráð er á náttúruverndarskrá undir heitinu „Reykjadalsá ásamt nálægum hverum og Rauðsgil“. Skráningin tekur m.a. til Rauðsgils, þar sem vatnstakan fer fram, og er í giliu falleg fossaröð, með jarðhitaáhrifum og fjölbreyttu lífríki, auk þess sem hveravatn frá jarðhitasvæðum rennur til Reykjadalárs. Áhersla er lögð á fagurfræðileg og líffræðileg gæði svæðisins, s.s. vegna vetrarstöðva andfugla og óspillts hveralandslags.¹

¹ <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/vesturland/>

Í ljósi þessa telur stofnunin mikilvægt að allar framkvæmdir sem tengjast vatnstöku – svo sem nýjar boranir eða breytingar á mannvirkjum – taki sérstakt tillit til náttúrufarsgilda svæðisins og séu framkvæmdar með varúð, einkum hvað varðar gróður, jarðveg og eðli áreyrunnar.

Náttúruverndarstofnun bendir á að þar sem vatnstaka fer fram innan skráðra náttúruminja sem fela einnig í sér jarðhitasvæði, skal við áframhaldandi nýtingu og áform um nýjar holur sérstaklega hugað að mögulegum áhrifum við nærliggjandi hverasvæði og metið hvort nýting geti haft áhrif á vatnsrennsli, þrýsting eða stöðugleika jarðhita.

Skipulagsmál

Náttúruverndarstofnun gerir fyrirvara á að það virðist vera að landnotkun vegna nýtingar sé ekki í samræmi við aðalskipulag.

Í fylgiskjali segir „Uppfærsla á vatnsverndarsvæði hefur verið samþykkt af landeigendum og mun fara inn í uppfærslu á aðalskipulagi Borgarbyggðar.“ Að mati Náttúruverndarstofnunar er ekki ljóst hvort fyrirhuguð nýting og afmörkun svæðis séu í samræmi við gildandi aðalskipulag Borgarbyggðar.

Hins vegar er fjallað um ýmsar framkvæmdir í minnisblöðunum: „*Brunnur var grafinn niður á um 7 m dýpi og frá honum 6,8 m djúpur drenskurður um 15 m langur sem víkkar út í T-laga form lengst frá brunninum. Í beina skurðinum liggja drenrör í möl með neðri brún á um 6 m dýpi. Teikningu af brunninum og drenskurði er að finna í viðauka. Síðar var fenginn bor á staðinn til að bora sokk niður úr brunninum fyrir dælu. Boruð var niður 14“ fóðring í 11,4 m og henni lyft upp aftur en skilinn eftir 3 m bútur af 10“ fóðringu í botni. Botn brunns með þessari viðbót er nú á 9,7 m dýpi.*“

Að mati Náttúruverndarstofnunar er því ekki unnt að leggja mat á áhrif verkefnisins í fullu samhengi við skipulagsforsendur sveitarfélagsins, varðandi staðsetning, landnotkun, verklag, umfang, umhverfisáhrif og mótvægisaðgerðir svo eitthvað sé nefnt.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir
lögfræðingur